



# SKILGEININGAR OG LEIÐBEININGAR

VARÐANDI BEINA FJÁRFESTINGU



# SKILGREININGAR OG LEIÐBEININGAR

varðandi beina fjárfestinu

# Efnisyfirlit

Tilgangur	4
Heimildir	4
Lagagrundvöllur	4
Hugtök og skilgreiningar	4
Innlendur- og erlendur aðili	4
Helstu hugtök varðandi beinar fjárfestingar	4
Leiðbeiningar um útfyllingu skýrslu	6
Yfirlitssíða	6
Grunnupplýsingar	6
Nafn fyrirtækis eða lögaðila	6
Kennitala fyrirtækis eða lögaðila	6
Nafn starfsmanns	6
Netfang starfsmanns	6
Símanúmer starfsmanns	6
Ár	6
Eyðublað 1 og 2	6
Upplýsingar um eðli beins erlends fjárfestingarsambands	6
Upplýsingar um innlendan aðila í beinu erlendu fjárfestingarsambandi við erlendan aðila	11
Upplýsingar um erlendan aðila í beinu erlendu fjárfestingarsambandi við innlendan aðila.	11
Erlendi aðilinn er skráður á markað. Merkið x ef já en annars autt.	11
Erlendi aðilinn hefur enga eiginlega starfsemi aðra en eignarhald á öðrum aðila og ekkert starfsfólk í vinnu. Merkið x ef já en annars autt.	11
Aðrar upplýsingar	11
Uppgjörsmýnt	11
Eignarhald á beinu fjárfestingarfyrirtæki. Tilgreint í þús. ísl. kr.	12
Upplýsingar úr reikningi beins fjárfestingarfyrirtækis. Tilgreint í þús. ísl. kr.	12
Langtíma- og skammtímakröfur á erlenda aðilann. Tilgreint í þús. ísl. kr.	13
Gjaldmiðill	14
Langtíma- og skammtíma skuldir við erlenda aðilann. Tilgreint í þús. ísl. kr.	14
Gjaldmiðill	14
Upplýsingar um vörsluaðila verðbréfa	14
Listar	14
Verðmat	14
Gengisútreikningar	15
Stöðutölur reiknast út frá loka miðgengi tímabils.	15
Hreyfingar sem reiknast út frá meðaltals miðgengi tímabils.	15
Hreyfingar sem reiknast út frá dagsloka miðgengi þann dag sem hver hreyfing átti sér stað.	15

# Tilgangur

---

Tilgangur með hagtölum sem lúta að beinni fjárfestingu er að mæla viðskipti þjóðarbúsins við erlenda aðila sem eru í eignatengslum við íslenska aðila. Gerð hagskýrslu sem lýsir beinni fjárfestingu er í samræmi við staðal Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) „[OECD Benchmark Definition of Foreign Direct Investment - 4th Edition](#)“ (BMD4). Með staðlinum er framsetning, aðferðafræði, verðmat og hugtök skilgreind.

## Heimildir

---

Seðlabankinn safnar milliliðalaust gögnum frá innlendum aðilum sem teljast vera í beinu fjárfestingarsambandi við erlenda aðila. Auk þess er stuðst við gögn frá ríkisskattstjóra og ársreikningaskrá. Önnur gögn koma einnig til greina ef þau þykja áreiðanleg.

## Lagagrundvöllur

---

Grundvöllur upplýsingasöfnunar, uppgjör og birtingar greiðslujafnaðar við útlönd hefur stoð í [IX. kafla laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands](#), og [lögum nr. 70/2021 um gjaldeyrismál](#). Þessi lög (sem og [reglur nr. 861/2022 um almenna tilkynningarskyldu samkvæmt lögum um gjaldeyrismál](#)) kveða m.a. á um upplýsingaskyldu innlendra aðila gagnvart Seðlabanka Íslands, og jafnframt er í lögum nr. 92/2019 kveðið á um trúnaðarskyldu starfsmanna Seðlabankans almennt, sem tekur m.a. til þeirra gagna sem safnað er til hagskýrslugerðar.

## Hugtök og skilgreiningar

---

### Innlendur- og erlendur aðili

Innlendur aðili er sérhver einstaklingur, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili án tillits til ríkisfangs. Undanþegnir búsetuskilyrðum eru námsmenn og starfsmenn sendiráða. Þannig teljast íslenskir námsmenn og skyldulið þeirra sem býr erlendis vera innlendir aðilar og erlendir sendiráðsstarfsmenn teljast til erlendra aðila. Erlendur aðili er allir aðrir aðilar en innlendir.

### Helstu hugtök varðandi beinar fjárfestingar

**Bein fjárfesting** mælir beina fjármunaeign og beint fjárfestingarflæði sem eru til komin vegna viðskipta á milli innlendra og erlendra aðila sem eru í beinu fjárfestingarsambandi.

**Beint fjárfestingarsamband:** Beinn fjárfestir, beint fjárfestingarfyrirtæki og önnur eignatengd félög teljast vera í beinu fjárfestingarsambandi sín á milli.

**Beinn fjárfestir (e. Direct investor):** Sá aðili sem í krafti eignarhlutar hefur yfiráð yfir eða áhrif á stjórnun annars aðila sem ekki er skráður með búsetu í sama landi. Fjárfestirinn ræður samanlagt yfir 10% eða meira af atkvæðamagni mótaðilans.

**Beint fjárfestingarfyrirtæki (e. Direct investment enterprise):** Sá aðili sem er undir yfiráðum eða áhrifum beins fjárfestis.

**Önnur eignartengd félög (e. Fellow enterprises):** Aðilar sem eru hvorki undir yfiráðum né hafa áhrif hvor á annan en eru þó báðir undir yfiráðum eða áhrifum sama beina fjárfestis.

**Endanlegur eigandi (e. Ultimate controlling parent)** er sá aðili sem er efstur í eignarhaldskeðju þar sem yfiráðum yfir aðilum er viðhaldið í gegnum beint eða óbeint meirihlutaeignarhald.

**Yfiráð:** Aðili sem fer samanlagt með 50% eða meira af atkvæðamagni í öðrum aðila gegnum beinan eða óbeinan eignarhlut telst fara með yfiráð.

**Áhrif:** Aðili sem fer samanlagt með 10-50% af atkvæðamagni í öðrum aðila í gegnum beinan eða óbeinan eignarhlut telst hafa áhrif.

**Beinn eignarhlutur:** Eignarhlutur í öðrum aðila.

**Óbeinn eignarhlutur:** Eignarhlutur í öðrum aðila í gegnum annan aðila.

**Bein fjármunaeign:** Staða fjármálalegra eigna og skulda þar sem um beint fjárfestingarsamband er að ræða.

**Beint fjárfestingarflæði** mælir hrein viðskipti inn- og erlendra aðila með fjármálalegar eignir og skuldir þar sem um beint fjárfestingarsamband er að ræða.

**Viðskipti (e. Transaction)** tengd beinni fjárfestingu eru skilgreind sem gjörningur þar sem aðilar skiptast á verðmætum í formi fjármálalegra eigna og skulda með sameiginlegri ákvörðun. Viðskipti sem fram fara með beinni fjárfestingu eru aðgreind eftir því hvort þau heyra undir eigið fé eða lán.

Viðskipti með **fasteignir** flokkast undir beina fjárfestingu. Fjárfesting í einstökum fasteignum telst til viðskipta með eigið fé. Viðskipti með fasteignir geta verið með einstaka fasteign en einnig farið fram í gegnum fasteignafélög eða eignarhaldsfélög.

Gert er ráð fyrir að með beinu fjárfestingunni sé það ætlun beins fjárfestis að hafa áhrif á stjórnun og stefnu beina fjárfestingarfélagsins og stofna til viðskiptasambands til langs tíma. Litið er á lán fjárfestis (framlag hans annað en eigið fé) eða fyrirtækja í hans eigu sem viðbótarfjárfestingu hans í viðkomandi fyrirtæki.

Hlutfjáreign og önnur verðbréfaeign innlands aðila í erlendum aðila og erlends aðila í innlendum flokkast sem verðbréfafjárfesting (minna en 10% eignarhlutur) sé ekki um beint fjárfestingarsamband að ræða á milli þeirra. Fjárfesting í verðbréfum er oftast hugsuð til skemmri tíma og ólíkt beinni fjárfestingu er tilgangur fjárfestingarinnar ekki að hafa áhrif á stjórn eða stefnu fyrirtækis.

# Leiðbeiningar um útfyllingu skýrslu

## Yfirlitssíða

Yfirlit yfir samtölur úr eyðublaði 1 og 2. Hér koma fram áhrif viðkomandi skýrslu á viðskiptajöfnuð, fjármagnsjöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins.

## Grunnupplýsingar

### Nafn fyrirtækis eða lögaðila

Hér skal skrá nafn innlenda aðilans

### Kennitala fyrirtækis eða lögaðila

Hér skal skrá kennitölu án bandsstriks

### Nafn starfsmanns

Hér skal tilgreina heiti tengiliðs

### Netfang starfsmanns

Hér skal tilgreina netfang tengiliðs

### Símanúmer starfsmanns

Hér skal tilgreina símanúmer tengiliðs

### Ár

Hér skal tilgreina það rekstrarár sem skýrslan nær til á forminu (áááá), t.d. 2024 = 2024.

## Eyðublað 1 og 2

Allar fjárhæðir skulu gefnar upp í þúsundum króna (sjá liðinn gengisútreikningar). Skýrsluformið er hugsað sem uppsafnaðar hreyfingar hvers árs (year to date). Gert er ráð fyrir að upplýsingar sem fram koma á eyðublöðunum séu í samræmi við lög um ársreikninga þar sem það á við.

## Upplýsingar um eðli beins erlends fjárfestingarsambands

### Hvernig er eignatengslum innlenda og erlenda aðilans háttað?

Bein fjárfesting er talin fram annaðhvort í eyðublaði 1 eða 2 allt eftir eðli fjárfestingarsambands innlenda aðilans við þann erlenda. Ekki þarf að fylla út alla dálka varðandi öll fjárfestingarsambönd, en í þeim tilvikum sem ekki skal fylla út dálk litast hann sjálfkrafa grár.

## Eyðublað 1. Beinar fjárfestingar innlendra aðila erlendis.

Í eyðublað 1 skal telja fram fjárfestingar þar sem eftirfarandi á við:

- Innlendi aðilinn á beinan eignarhlut, 10% eða yfir, í þeim erlenda.
  - Hér undir teljast erlend dótturfélög, erlend hlutdeildarfélög og önnur erlend félög og aðilar þar sem beinn eignarhlutur eða atkvæðisréttur innlenda aðilans í þeim erlenda er 10% eða meira.
- Innlendi aðilinn á óbeinan eignarhlut, 10% eða yfir, í þeim erlenda.
  - Hér undir teljast erlend dótturfélög, erlend hlutdeildarfélög og önnur erlend félög og aðilar þar sem óbeinn eignarhlutur eða atkvæðisréttur innlenda aðilans í þeim erlenda er 10% eða meira.
  - Beint fjárfestingarsamband getur þannig haldist milli félaga niður fyrirtækjaskipurit en rofnar við hlutdeildarfélag hlutdeildarfélags.

- Fyrir aðila í óbeinni eigu er eftirfarandi liðum sleppt:
    - Eignarhald innlenda aðilans á erlenda félaginu.
    - Upplýsingar úr reikningi erlenda fyrirtækisins.
- 1.3. Erlendi aðilinn er útibú innlenda aðilans.
- Meðhöndluð eins og dótturfélög. Útibú skulu talin fram sérstaklega og vera aðgreind frá reikningum innlands eiganda.
- 1.4. Önnur eignatengd félög, endanlegur eigandi er innlendir.
- Aðilar sem eru hvorki undir yferráðum né hafa áhrif hvor á annan en eru þó báðir undir yferráðum eða áhrifum sama beina fjárfestis, dæmi um slíka aðila eru systurfélög.
  - Endanlegur eigandi er sá aðili sem er efstur í eignarhaldskeðju þar sem yferráðum yfir félögum er viðhaldið í gegnum beint eða óbeint meirihlutaeignarhald.
  - Fyrir önnur eignatengd félög er eftirfarandi liðum sleppt:
    - Eignarhald innlenda aðilans á erlenda félaginu.
    - Upplýsingar úr reikningi erlenda fyrirtækisins.
- 1.5. Innlendi aðilinn á eignarhlut undir 10% í erlendum eiganda sínum.
- Eignarhlut erlenda aðilans í innlenda aðilanum sem og möguleg lán á milli þeirra skal færa inn á eyðublaði 2.
  - Fyrir þessa aðila er eftirfarandi liðum sleppt:
    - Langtíma- og skammtímakröfur á erlenda félagið.
    - Langtíma- og skammtímaskuldir við erlenda félagið.

## Eyðublað 2. Beinar fjárfestingar erlendra aðila innanlands.

Á eyðublaði 2 skal telja fram fjárfestingar þar sem eftirfarandi á við:

- 2.1. Erlendi aðilinn á beinan eignarhlut, 10% eða yfir, í þeim innlenda.
- Hér undir teljast innlend dótturfélög, innlend hlutdeildarfélag og önnur innlend félög og aðilar þar sem beinn eignarhlutur eða atkvæðisréttur erlenda aðilans í þeim innlenda er 10% eða yfir.
- 2.2. Erlendi aðilinn á óbeinan eignarhlut, 10% eða yfir, í þeim innlenda.
- Hér undir teljast innlend dótturfélög, innlend hlutdeildarfélag og önnur innlend félög og aðilar þar sem óbeinn eignarhlutur eða atkvæðisréttur erlenda aðilans í þeim innlenda er 10% eða yfir.
  - Beint fjárfestingarsamband getur þannig haldist milli félaga niður fyrirtækjaskipurit en rofnar við hlutdeildarfélag hlutdeildarfélags.
  - Fyrir aðila í óbeinni eigu er eftirfarandi liðum sleppt:
    - Eignarhald erlenda aðilans á innlenda félaginu.
    - Upplýsingar úr reikningi innlenda fyrirtækisins.
- 2.3. Innlendi aðilinn er útibú erlenda aðilans.
- Meðhöndluð eins og dótturfélög. Útibú skulu talin fram sérstaklega og vera aðgreind frá reikningum erlends eiganda.
- 2.4. Önnur eignatengd félög, endanlegur eigandi er erlendir.
- Aðilar sem eru hvorki undir yferráðum né hafa áhrif hvor á annan en eru þó báðir undir yferráðum eða áhrifum sama beina fjárfestis, dæmi um slíka aðila eru systurfélög
  - Endanlegur eigandi er sá aðili sem er efstur í eignarhaldskeðju þar sem yferráðum yfir félögum er viðhaldið í gegnum beint eða óbeint meirihlutaeignarhald.

- Fyrir önnur eignatengd félög er eftirfarandi liðum sleppt:
  - Eignarhald erlenda aðilans á innlenda félaginu.
  - Upplýsingar úr reikningi innlenda fyrirtækisins.


2.5. Erlendi aðilinn á eignarhlut undir 10% í innlendum eiganda sínum.

- Eignarhlutur innlenda aðilans í erlenda aðilanum sem og möguleg lán á milli þeirra koma fram á eyðublaði 1.
- Fyrir þessa aðila er eftirfarandi liðum sleppt:
  - Langtíma- og skammtíma kröfur á erlenda félagið.
  - Langtíma- og skammtímaskuldir við erlenda félagið.

**Dæmi um eðli beins erlends fjárfestingarsambands. Skýringarmyndir:**

Dæmi um beinar fjárfestingar innlendra aðila erlendis. Eyðublað 1.

Mynd 1.




- A skilar inn upplýsingum um eignarhald í F í eyðublað 1
- B skilar inn upplýsingum um eignarhald í D, lánaskuld við E sem það á óbeint hlut í og lánakröfu gagnvart öðru eignatengdu félagi F í eyðublað 1
- C skilar ekki skýrslu.



Dæmi um beinar fjárfestingar erlendra aðila innanlands. Eyðublað 2.


Mynd 2.



- Félag A skilar inn upplýsingum um eignarhald B í A í eyðublað 2
- Félag A skilar inn upplýsingum um lán frá öðru eignatengdu félagi C á eyðublað 2 því Félag D er erlendur endanlegur eigandi.

Dæmi um beinar fjárfestingar innlendra aðila erlendis og beinar fjárfestingar erlendra aðila innanlands hjá sama félagi. Eyðublað 1 og eyðublað 2.


Mynd 3.



- Félag A skilar inn bæði eyðublaði 1 og 2
- Fjárfesting innlendra aðila erlendis, Eyðublað 1, inniheldur eignarhald A á C ásamt láni frá A til C
- Fjárfesting erlendra aðila á Íslandi, eyðublað 2, inniheldur eignarhald B á A ásamt láni frá B til A

## Dæmi um endanlegan eiganda


Mynd 4.



- Félag C er endanlegur eigandi fyrirtækis A

## Dæmi um önnur eignatengd félög

Mynd 5.



- Félög B og C eru önnur eignatengd félög.
- C skilar inn um upplýsingum um lán frá félagi B.
- Ef endanlegur fjárfestir er innlendur þá er lán á milli annarra eignatengdra félaga fjárfesting innlendra aðila erlendis og er talið fram í eyðublaði 1.
- Ef endanlegur fjárfestir er erlendur þá er lán á milli annarra eignatengdra félaga fjárfesting erlendra aðila á Íslandi og er talið fram í eyðublaði 2.

## Upplýsingar um innlendan aðila í beinu erlendu fjárfestingarsambandi við erlendan aðila

### Heiti innlends aðila

Hér skal skrá heiti innlenda aðilans. Innlendur aðili merkir sérhvern einstakling, félag, stofnun, sjóð eða annan lögaðila sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili án tillits til ríkisfangs.

### Kennitala án bandstriks

Hér skal skrá kennitölu án bandstriks.

### Heiti á starfsemi innlenda aðilans

Hér skal skrá heiti á starfsemi innlenda aðilans samkvæmt ÍSAT2008.

### Atvinnugreinanúmer innlends aðila, ÍSAT2008

- <https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/leit>
- <https://hagstofa.is/utgafur/nanar-um-utgafu?id=54698>

Innlendi aðilinn er skráður á markað. Merkið x ef já en annars autt.

Innlendi aðilinn hefur enga eiginlega starfsemi aðra en eignarhald á öðrum aðila og ekkert starfsfólk í vinnu. Merkið x ef já, annars autt.

Tilgreina á hvort að innlendi aðilinn sé einungis skel utan um eignarhald á öðrum aðila. Slíkir aðilar hafa yfirleitt enga eiginlega starfsemi og ekkert starfsfólk á launaskrá.

## Upplýsingar um erlendan aðila í beinu erlendu fjárfestingarsambandi við innlendan aðila.

### Heiti erlends aðila

Hér skal skrá heiti erlenda aðilans. Erlendur aðili merkir sérhvern einstakling, félag, stofnun, sjóð eða annan lögaðila sem hefur fasta búsetu erlendis samkvæmt lögum um lögheimili án tillits til ríkisfangs.

### Land

Hér skal tilgreina heiti lands þar sem erlendur aðili hefur fasta búsetu. Hér skiptir máli að nota heiti lands samkvæmt landalista en hann er að finna í fellivalmynd og í listasíðu skýrslunnar.

### Heiti á starfsemi erlenda aðilans

Hér skal skrá heiti á starfsemi erlenda aðilans samkvæmt ÍSAT2008.

### Atvinnugreinanúmer erlends aðila, samkvæmt ÍSAT2008

- <https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/thjonusta/isat-2008/>

Erlendi aðilinn er skráður á markað. Merkið x ef já en annars autt.

Erlendi aðilinn hefur enga eiginlega starfsemi aðra en eignarhald á öðrum aðila og ekkert starfsfólk í vinnu. Merkið x ef já en annars autt.

Tilgreina á hvort að erlendi aðilinn sé einungis skel utan um eignarhald á öðrum aðila. Slíkir aðilar hafa yfirleitt enga eiginlega starfsemi og ekkert starfsfólk á launaskrá.

## Aðrar upplýsingar

### Endanlegur eigandi/Ultimate Controlling Parent

Hér skal skrá heiti endanlegs eiganda. Endanlegur eigandi (e. Ultimate controlling parent) er sá aðili sem er efstur í eignarhaldskeðju þar sem yfirráðum yfir aðilum er viðhaldið í gegnum beint eða óbeint meirihlutaeignarhald.

### Land þar sem endanlegur eigandi er staðsettur

Hér skal tilgreina heiti lands þar sem endanlegur eigandi hefur fasta búsetu. Hér skiptir máli að nota heiti lands samkvæmt landalista en hann er að finna í fellivalmynd og í listasíðu skýrslunnar.

Er um yfirtöku eða samruna að ræða? Merkið x ef já en annars autt.

## Uppgjörsmýnt

Hér skal tilgreina uppgjörsmýnt, þriggja stafa kóða gjaldmiðils samkvæmt fellivalmynd, beins fjárfestingarfyrtækis sem er í eigu beins fjárfestis. Fyrir eyðublað 1 er það erlendur aðili en eyðublað 2 innlendur.

## Eignarhald á beinu fjárfestingarfyrirtæki. Tilgreint í þús. ísl. kr.

Erlendur aðili er skráður á eyðublað 1 en innlendur aðili á eyðublað 2.

Viðskipti með eigið fé eru í formi hlutafjár og eru metin á markaðsverði (kaup eða söluverð).

### Hlutafjárkaup

Tilgreina á kaupverð (markaðsverð) hlutafjár beins fjárfestis í beinu fjárfestingarfyrirtæki. Kaupverð skal fært á dagsloka miðgengi þann dag sem viðskiptin áttu sér stað.

### Hlutafjárútgreiðsla, hlutafjárframlag

Eiginfjárframlög beins fjárfestis til beins fjárfestingarfyrirtækis.

### Hlutafjárútsala

Tilgreina á söluverð (markaðsverð) hlutafjár beins fjárfestis í beinu fjárfestingarfyrirtæki. Söluverð skal fært á dagsloka miðgengi þann dag sem viðskiptin áttu sér stað.

### Hlutafjárútgreiðsla, hlutafjárútgreiðslur (ekki nota mínustölu)

Hlutafjárútgreiðslur til eiganda sem ekki teljast til arðgreiðslna. Slit á aðila og útgreiðsla á hlutafé vegna aflagðrar starfsemi eru dæmi um slíkt. Ofurarðgreiðslur (e. Superdividends) sem eru arðgreiðslur sem ganga á eigin fé aðila án þess að eiga sér skýringar í rekstrarafkoma félagsins skal færa inn hér en ekki sem hefðbundnar arðgreiðslur.

### Beinn eignarhlutur (%)

Prósentuhlutdeild hluthafa í hlutafélögum, einkahlutafélögum og eigin fé annarra félaga.

## Upplýsingar úr reikningi beins fjárfestingarfyrirtækis. Tilgreint í þús. ísl. kr.

Erlendur aðili er skráður á eyðublað 1 en innlendur aðili á eyðublað 2.

### Hreinn hagnaður eða tap eftir skatta (tap er táknað með mínus(-))

Hér skal skrá hreinan hagnað eftir skatt. Tap er táknað með neikvæðu formerki (mínustölu (-)).

### Þar af verðhækkunarágóði eða verðlækkunartap (tap er táknað með mínus(-))

Hér skal skrá þann hluta hreins hagnaðar eða taps sem má rekja til verðhækkunarágóða eða verðlækkunartaps. Tap er táknað með neikvæðu formerki (mínustölu (-)).

Til verðhækkunarágóða og verðlækkunartaps skal telja:

- Hvers konar ágóða eða tap sem stafar af breyttu mati, svo sem birgðaaufskriftum, niðurfærslum eða uppfærslum.
- Ágóða eða tap vegna tækja og búnaðar við lokun fyrirtækis að hluta eða í heild.
- Afskriftir óápreifanlegra eigna, þar á meðal viðskiptavildar, vegna óvenjulegra atburða.
- Afskriftir útgjalda vegna rannsókna og þróunar sem voru eignfærð á fyrra tímabili.
- Niðurfærslur vegna taps af samningum til langs tíma.
- Gengishagnaður og gengistap sem hefur myndast vegna viðskipta félagsins og vegna eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum.
- Óinnleystan hagnaður eða tap vegna endurmats fastafjár, fjárfestinga og skulda;
- Innleystan hagnaður eða tap fyrirtækisins vegna ráðstöfunar eigna eða skulda.

### Greiddur arður, heildararðgreiðslur til allra hluthafa (ekki nota mínus (-))

Hér skal skrá heildararðgreiðslur félagsins til allra hluthafa á tímabilinu en ekki einungis hlut beins fjárfestis.

Ofurarðgreiðslur (e. Superdividends) sem eru arðgreiðslur sem ganga á eigin fé aðila án þess að eiga sér skýringar í rekstrarafkoma félagsins heyra undir liðinn hlutafjárútgreiðsla, hlutafjárútgreiðslur (sjá að ofan) en ekki til hefðbundinna arðgreiðslna.

Hagnaður útibúa sem eru greiddur til eiganda heyrir undir arðgreiðslur.

### Samtals eigið fé, bókfært virði

Hér á að færa bókfært virði eigin fjár beins fjárfestingarfyrirtækis samkvæmt efnahagsreikningi þess. Hér skal skrá heildar eigið fé félagsins en ekki einungis hlut beins fjárfestis.

## Markaðsvirði félagsins (á við skráð félög)

Hér á að færa heildar markaðsvirði skráðra félaga.

### Langtíma- og skammtímafröfur á erlenda aðilann. Tilgreint í þús. ísl. kr.

Undir þennan lið heyra lán, skuldaskjöl, innstæður, viðskiptafröfur og önnur ótalin atriði milli innlenda og erlenda aðilans.

- Lán (e. Loans) eru fjármálaeignir sem verða til þegar lánveitandi lánar fé beint til lántaka. Undir lánaviðskipti heyra langtíma- og skammtímafröfur og skuldir.
- Skuldaskjöl (e. Debt security) eru viðskiptabréf sem standa til sönnunar um skuld. Meðal þeirra teljast vixlar, skuldabréf, viðskiptabréf, innstæðubréf, skuldaviðurkenningar, eignavarin verðbréf, peningabréf og svipaðir gerningar sem viðskipti eru höfð með á fjármálamörkuðum.
- Innstæður (e. Deposits) eru staðlaðir, óframseljanlegir samningar sem innlánsstofnanir bjóða. Binditími innstæðna getur verið mismunandi eftir samningum. Innstæður fela jafnan í sér ábyrgð skuldara á að skila höfuðstólnum aftur til fjárfestis.
- Viðskiptafröfur/skuldir (e. Trade credit) eru fjárkröfur sem stafa af því að þeir sem bjóða vöru og þjónustu veita viðskiptavinum sínum lengri greiðslufrest eða fá fyrirframgreiðslur (e. Advances) vegna vöru eða þjónustu. Viðskiptafröfur og fyrirframgreiðslur stafa af því að greiðsla fyrir vörur eða þjónustu fer ekki fram á sama tíma og vörur skipta um eigendur eða þjónusta er veitt.
- Flokkurinn annað ót.a. (e. Accounts receivable/payable) tekur til annarra eigna eða skulda en þeirra sem nefndar eru hér að framan. Þar undir geta fallið skuldir vegna skatta, verðbréfiðskipta, launa eða arðs.

Langtíma- og skammtímafröfur og skuldir eru metnar á nafnvirði fyrir utan skuldaskjöl sem eru metin á markaðsvirði.

Ef krafa eða skuld eru í fleiri en einni mynt (myntkarfa) þá þarf að skipta henni upp í samræmi við hlutföll mynta. Dæmi um þetta gæti verið lán sem væri til helminga dollar og evra og skal þar skipta láninu upp í tvo jafna hluta og telja fram hvorn í sinni færslu (dálki) fyrir stöðu, hreyfingar og vexti.

Lán milli aðila í beinu fjárfestingarsambandi teljast ekki til beinnar fjárfestingar ef báðir aðilar eru innlánsstofnun, verðbréfasjóður eða annað fjármálafyrirtæki en tryggingafélag eða lífeyrissjóður. Í slíkum tilfellum er lánið flokkað sem önnur fjárfesting.

### Staða langtíma- og skammtíma krafna á erlenda aðilann.

Staða langtíma- og skammtíma krafna innlenda aðilans á erlenda aðilann.

#### Lánahreyfingar vegna lánakrafna (hækkun lánakrafna er tilgreind sem jákvæð tala en lækkun neikvæð)

Viðskipti innlenda og erlenda aðilans með langtíma- og skammtímafröfum innlenda aðilans á erlenda aðilann sem eru til komnar vegna viðskipta heyra hér undir. Lánahreyfingar eru fjármagnshreyfingar tímabils þar sem búið er að hreinsa frá áhrif vegna gengisbreytinga eða annarra magnbreytinga sem ekki flokkast sem viðskipti. Hækkun lánakrafna vegna lánahreyfinga er tilgreind sem jákvæð tala en lækkun neikvæð. Nýjar lánveitingar og ógreiddar vaxtatekjur sem falla á höfuðstól lána eru dæmi um lánaviðskipti sem mynda jákvæða lánahreyfingu. Afborganir og uppgreiðslur eru dæmi um lánaviðskipti sem leiða til neikvæðra lánahreyfinga. Einhliða afskriftir og breyting á stöðutölum vegna verðmats eða gengisbreytinga eru dæmi um breytingar sem ekki heyra undir viðskipti og skulu því ekki meðtaldar sem lánahreyfing.

#### Vaxtatekjur vegna lána til erlenda aðilans

Vextir af langtíma og skammtímafröfum innlenda aðilans á erlenda aðilann. Tilgreina skal alla vexti hér undir, hvort sem þeir eru greiddir eða ógreiddir, sem falla á höfuðstól. Ef um er að ræða kúlulán þar sem vextir eru greiddir í lok lánstímans þá er allan líftíma lánsins reiknaðir áfallnir vextir sem er bætt við höfuðstól.

## Gjaldmiðill

### Gjaldmiðill lánakrafna

Hér er tilgreindur þriggja stafa kóði gjaldmiðils samkvæmt fellivalmynd.

### Langtíma- og skammtíma skuldir við erlenda aðilann. Tilgreint í þús. ísl. kr.

Undir þennan lið heyra lán, skuldaskjöl, innstæður, viðskiptakröfur og annað ót.a. milli innlenda og erlenda aðilans. Sjá nánari skýringar undir liðnum langtíma- og skammtíma kröfur á erlenda aðilann hér að ofan.

### Staða langtíma- og skammtímaskulda við erlenda aðilann (ekki nota mínustölu)

Staða langtíma- og skammtímaskulda innlenda aðilans við erlenda aðilann.

Lánahreyfingar vegna lánaskulda (hækkun lánaskulda er tilgreind sem jákvæð tala en lækkun neikvæð) Viðskipti innlenda og erlenda aðilans með langtíma- og skammtímaskuldir. Aukning eða lækkun á langtíma- og skammtímaskuldum innlenda aðilans við erlenda aðilann sem eru til komnar vegna viðskipta heyra hér undir. Lánahreyfingar eru fjármagnshreyfingar tímabils þar sem búið er að hreinsa frá áhrif vegna gengisbreytinga eða annarra magnbreytinga sem ekki flokkast sem viðskipti. Hækkun lánaskulda vegna lánahreyfinga er tilgreind sem jákvæð tala en lækkun neikvæð. Nýjar lánveitingar og ógreidd vaxtagjöld sem falla á höfuðstól lána eru dæmi um lánaviðskipti sem mynda jákvæða lánahreyfingu. Afborganir og uppgreiðslur eru dæmi um lánaviðskipti sem leiða til neikvæðra lánahreyfinga. Einhlíða afskriftir og breyting á stöðutölum vegna verðmats eða gengisbreytinga eru dæmi um breytingar sem ekki heyra undir viðskipti og skulu því ekki meðtaldar sem lánahreyfing.

### Vaxtagjöld vegna lána frá erlenda aðilanum (ekki nota mínustölu)

Vextir af langtíma- og skammtíma skuldum innlenda aðilans við erlenda aðilann. Tilgreina skal alla vexti hér undir, hvort sem þeir eru greiddir eða ógreiddir, sem falla á höfuðstól. Ef um er að ræða kúlulán þar sem vextir eru greiddir í lok lánstímans þá er allan líftíma lánsins reiknaðir áfallnir vextir sem er bætt við höfuðstól.

## Gjaldmiðill

### Gjaldmiðill lánaskulda

Hér er tilgreindur þriggja stafa kóði gjaldmiðils samkvæmt fellivalmynd.

### Upplýsingar um vörsluaðila verðbréfa

Vörsluaðili hlutabréfa- eða skuldabréfeignar beins fjárfestis í verðbréfum útgefnum af beinu fjárfestingarfyrirtæki (þar sem það á við)

Hér er átt við vörsluaðila rafrænt skráðra verðbréfa sem heyra undir beina fjárfestingu.

## Listar

Hér að aftan eru listar sem er að finna sem fellivalslista í eyðublöðum 1 og 2. Gagnlegt getur verið fyrir skilaaðila að hafa aðgang að listunum til að útbúa vinnsluskjöl. Hægt er að afrita gögn (paste values) úr vinnsluskjöllum í eyðublöðin í einni aðgerð en gæta þarf þess að listarnir séu réttir og að uppsetning dálka sé nákvæmlega eins og í eyðublöðunum.

- Fjárfestingarsamband
- Landalisti
- Gjaldmiðlalisti
- Atvinnugreinalisti (ÍSAT2008)

## Verðmat

Eigið fé í beinni fjárfestingu er metið á bókfærðu virði eiginfjár (e. own funds at book value) félags sem fjárfest er í (e. direct investment enterprise). Að auki er óskað eftir markaðsvirði skráðra félaga. Viðskipti eru metin á markaðsverði.

Langtíma- og skammtímakröfur og skuldir eru metnar á nafnvirði fyrir utan skuldaskjöl sem eru metin á markaðsvirði.

## Gengisútreikningar

Hér er að finna upplýsingar um gengisútreikninga fyrir skýrsluskilaaðila til að umbreyta fjárhæðum úr erlendri mynt í íslenskar krónur. Allar fjárhæðir í eyðublöðum 1 og 2 skulu uppgefnar í þúsundum íslenskra króna.

Mikilvægt er að nota miðgengi við gengisútreikninga. Hægt er að sækja miðgengi erlendra mynta inn á vef Seðlabankans.

### Stöðutölur reiknast út frá loka miðgengi tímabils.

- Eigið fé
- Markaðsvirði
- Langtíma- og skammtímakröfur
- Langtíma- og skammtímaskuldir

### Hreyfingar sem reiknast út frá meðaltals miðgengi tímabils.

- Hreinn hagnaður eða tap
- Þar af verðhækkunarágóði / verðlækkunartap
- Vaxtatekjur
- Vaxtagjöld

Þar sem skýrsluformið er hugsað sem uppsafnaðar hreyfingar hvers árs á ársfjórðungslegri tíðni (year to date) skulu eftirfarandi reiknireglur gilda:

- Hreyfingar á 1. ársfjórðungi í ísl.kr. = Hreyfing í erlendri mynt á 1. ársfjórðungi \* meðaltals miðgengi 1. ársfjórðungs.
- Uppsafnaðar hreyfingar á 1. og 2. ársfjórðungi = (Hreyfing í erlendri mynt á 1. ársfjórðungi \* meðaltals miðgengi 1. ársfjórðungs) + (hreyfing í erlendri mynt á 2. ársfjórðungi \* meðaltals miðgengi 2. ársfjórðungs)
- Uppsafnaðar hreyfingar á 1. 2. og 3. ársfjórðungi = (Hreyfing í erlendri mynt á 1. ársfjórðungi \* meðaltals miðgengi 1. ársfjórðungs) + (hreyfing í erlendri mynt á 2. ársfjórðungi \* meðaltals miðgengi 2. ársfjórðungs) + (hreyfing í erlendri mynt á 3. ársfjórðungi \* meðaltals miðgengi 3. ársfjórðungs)
- Uppsafnaðar hreyfingar alls ársins = (Hreyfing í erlendri mynt á 1. ársfjórðungi \* meðaltals miðgengi 1. ársfjórðungs) + (hreyfing í erlendri mynt á 2. ársfjórðungi \* meðaltals miðgengi 2. ársfjórðungs) + (hreyfing í erlendri mynt á 3. ársfjórðungi \* meðaltals miðgengi 3. ársfjórðungs) + (hreyfing í erlendri mynt á 4. ársfjórðungi \* meðaltals miðgengi 4. ársfjórðungs)

### Hreyfingar sem reiknast út frá dagsloka miðgengi þann dag sem hver hreyfing átti sér stað.

- Hlutfjárkaup
- Hlutfjárukning, hlutfjárframlag
- Hlutfjárþátttöku
- Hlutfjárþátttöku, hlutfjárþátttöku
- Greiddur arður
- Lánahreyfingar vegna lánakrafna
- Lánahreyfingar vegna lánaskulda

Þar sem skýrsluformið er hugsað sem uppsafnaðar hreyfingar hvers árs (year to date) skulu samtölur hreyfinga þessara liða vera reiknaðar eftir að þeim er umbreytt í íslenskar krónur.